

**34. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu
38, 20. febrúar 2020
og hófst hann kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Nancy Rut Helgadóttir (NRH), aðalmaður, Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH),
aðalmaður, Svanhildur Rós Guðmundsdóttir, áheyrnafulltrúi, Jenný Lára
Magnadóttir (JLM), áheyrnafulltrúi, Birna F Hannesdóttir (BFH),
embættismaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), formaður, .

Fundargerð ritaði: Berglind Eir Egilsdóttir, Ritari

Dagskrá:

1 Upplýsingagjöf vegna innleiðingar laga nr. 952019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla - 2001052

Samþykkt

2 Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði - 2002168

4 Upplýsingagjöf skólastjóra - 2002213

Dagatal fyrir skólaárið 2020-2021 lagt fram til fyrri umræðu.

Upplýsingagjöf skólastjóra

Fræðslu-, menningar-, íþróttu- og æskulýðsnefndarfundur 20. febrúar 2020

Janúar

1. Skólinn opnaði aftur 2. janúar og kennsla grunnskóla hófst 3. Jan

2. Lestur er bestur hófst 6. janúar sem er lestrarátak í 3 vikur, það hefur þó undið uppá sig og eru nú allir kennarar með umbunarkerfi fyrir heimalestur sem verður mjög líklega út skólaárið.

3. Haldin var þrettándagleði 6. Janúar þar sem allur skólinn hittist í útikennslustofu, við kveiktum varðeld og sungum, drukkum kakó og borðuðum piparkökur. Síðan komu 2 vaskir menn úr Björgunarsveitinni Tálkna og sprengdu upp fyrir okkur flugelda við mikinn fönguð og spenning nemenda.

4. Veðrið spilaði stórt hlutverk í janúar og var skóla lokað vegna veðurs 8. Janúar og næstu daga á eftir voru nokkrir nemendur heima vegna veðurs en skóli opinn.

5. Náttfata- og rafmagnslausidagurinn var föstudaginn 10. Janúar

6. Mánudaginn 13. Janúar var skipulagsdagur þar sem starfsmenn sátu námskeið um Tilfinningalæsi og seiglu.

Námskeiðið fór fram í gegnum netið og var því auðvelt fyrir alla að taka þátt hvort sem þeir voru á staðnum eða ekki. Mjög gott námskeið um aðferðir til að takast á við erfiðar tilfinningar nemenda sem við munum halda áfram að vinna með.

7. Fyrirhuguð heimsókn Trappa féll niður vegna veðurs, frestaðist til febrúarmánaðar

8. Svanhvít félagsmálafulltrúi með fasta viðveru í skólanum fyrir nemendur og starfsfólk að nýta sér, fyrsta þriðjudag í mánuði

9. Dögurður fyrir pabba/afa/frænda var 24. Jan, vel mætt, flottar veitingar og góð skemmtiatriði.

10. Vorönn hófst 27. Janúar og þá byrjaði nýtt val á unglíngastigi

11. Nýjung í vali ? starfsnámið sem verður alla vorönn, mikil ánægja með þessa nýjung

12. Þorrablót skólans var haldið 29. Jan, fór fram í íþróttamiðstöðinni. Nemendur voru með skemmtiatriði og 10. Bekkur fór með sinn annál eftir 10 ár í grunnskóla. Síðan var borðað saman þorramat og nokkrir gestir með.

13. Mikið var um frí og veikindi í janúar en það gekk allt með góðu samstarfi

14. Mikið vatn flæddi inn í endastofu skólans og fór allt á flot þar og inn á bókasafni. Verið er að vinna að endurbótum. Breytingar fyrirhugaðar á nýtingu rýmisins m.a. að nota meira fyrir uppákomur og sýningar. Láta smíða fyrir okkur færanlegt svið og fá fleiri bekkir fyrir gesti.

Febrúar

1. Trappa kom í heimsókn 5.-6. Febrúar

a. Gunnþór fylgdist með kennslu og gaf endurgjöf, kemur aftur í apríl og staðsetur þá kennara samkvæmt matstæki Gerðar G. Óskarsdóttur.

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/matstaeki_12.3.18.pdf

b. Fundur um stærðfræði og þemu með umsjónakennurum og stærðfræðikennara. Elín mun vinna þemalotu um stærðfræði sem við munum prufa á skólaárinu.

c. Skólastefnuhópur hittist fyrir skólastefnufund og farið yfir hlutverk hópsins

d. Opinn íbúafundur á Hópinu, vel mætt, góðar umræður

e. Innrammatsteymi skólans hittist með Gunnþóri og fyrstu skref ákveðin. Næsti fundur verður í mars þar sem hópurinn fer yfir listann og staðsetur stöðu skólans samkvæmt ákveðnum viðmiðum um gæðastarf. Gunnþór mun síðan hitta teymið í apríl og síðan útbúin skýrsla sem verður birt á heimasíðu.

2. Skólastjóri sækir um í Sprotasjóð, Tálknafjarðarskóli er umsækjandinn en verkefnið er í samstarfi við Bíldudalsskóla. Verkefnið á að byggja á ákveðnum heimsmarkmiðum og sóttum við um 1.8 milljón.

a. Heildstætt nemendamiðað nám með áherslu á heimsmarkmiðin. Þróunarverkefni Tálknafjarðarskóla og Bíldudalsskóla. Þróun starfshátta og endurskoðun kennsluáætlana.

i. Heilbrigði og velferð ? Hver er ég?

ii. Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi ? Heimurinn batnandi fer

iii. Sjálfbærni ? Kaupæði

b. Markmið verkefnisins er að festa starfshætti í sessi þar sem lögð er áhersla á heimsmarkað og grunnþætti og ekki síður að námið sé byggt á þátttöku nemenda og persónumiðaða starfshætti og skapandi vinnubrögð þar sem nemendur takast á við vitsmunalega krefjandi verkefni við hæfi.

3. Lára sótti ráðstefnuna Skólar á grænni grein 7. Febrúar

4. Verkefnið Fræ til framtíðar kom í skólann 11. Febrúar en það er verkefni sem miðstig skólans tekur þátt í og er markmiðið að nemendur rækti sér til matar.

5. Fjölmeningarhátíð var frestað, var á áætlun 17. Febrúar en vegna veðurs og Tröppu þá gafst ekki nægilegur tími til undirbúnings og ákveðið að fresta hátíðinni til 3. Mars og gera hana vel þá.

6. Skóla- og foreldraráð hittist mánudaginn 17. Febrúar og staðfesti m.a. skóladagatal.

7. Á morgun 21. Febrúar verður dögurður fyrir mömmu, ömmu, systur og frænkur, svipað snið og fyrir bóndadaginn.

8. Þriðjudaginn 25. Febrúar kemur Margrét Magnúsdóttir og verður með fræðslu um launaseðla fyrir unglíngastigið.

9. Búningadagur verður á öskudaginn, skóli til hádegis hjá grunnskóla og þau fara síðan í hópum að syngja í fyrirtækjum.

10. Föstudaginn 28. Febrúar fer 10. Bekkur í heimsókn í deild FSN á Patró og fær kynningu á framhaldsnámi.

Framundan í mars

· Fjölmeningarhátíð 3. mars

· Annar hluti skólastjóranámskeiðs 5.-6. mars

· Samræmd próf hjá 9. Bekk ? 10.-12. mars

· Stöðumatsvika ? 16.-20. mars

o Nemendur í fríi 20. og 23. mars

· Ruglsokkadagur 19. mars

· Skólamót í íþróttum hjá unglíngastigi 19. mars á Patró

· Skipulagsdagur 23. mars

· Danskennsla frá Dansskóla Jóns Péturs og Köru 30. mars-3. apríl

Annað

· Vinnsla í umsókn í Barnameningarsjóð í samvinnu við Elfar Loga hjá Kómedíuleikhúsinu o
<https://docs.google.com/document/d/1OPo4jzx15Pg3XNxfW1m0SL94GgPGB63SbUL88vt8QY/edit?usp=sharing>

· Sálfræðiþjónusta að komast í betra horf, Hanna hjá KMS mun taka við umsjón og sem tengiliður við skólann.

34. fundur
11.06.2020

Bergþóra sálfræðingur mun koma á staðinn með greiningar og viðtöl. Tveir nemendur sem biðu eftir sálfræðisaðstoð hafa nú fengið tíma, greiningar eru í ferli.

Birna Friðbjört S. Hannesdóttir, Skólastjóri

Nefndin fagnar góðu skólastarfi og og lýsir yfir ánægju sinni með starfsfólki skólans.

3 Forvarnarfræðsla á Vestfjörðum 15-17.apríl - 2001138

Þann 16.apríl nk. koma tveir hjúkrunarfræðingar frá Heilsulausnum með fyrirlestur fyrir unglíngastig um skjánotkun, sjálfsmynd og samfélagsmiðla.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Svanhildur Rós
Guðmundsdóttir

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Birna F Hannesdóttir (BFH)

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)
